

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	<b>Porta-Pak Express Fresh</b> – Lyktareyðandi niðurbrotsefni í ferðasalerni		
Vörunúmer:	PPRVEX	15 púðar	
	PPSGC	50 púðar	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Sóttreinsunarefni/lyktareyðir fyrir ferðasalerni.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	<b>KEMI ehf.</b>	<b>Framleiðandi:</b>	Walex Products Company Inc
	Tunguhálsi 10		1949 Popular Street, Leland
	110 Reykjavík		North Carolina 284451, BNA
Sími:	4154000		00-1-910-371-2242
Netfang:	<a href="mailto:kemi@kemi.is">kemi@kemi.is</a>		<a href="mailto:info@walex.com">info@walex.com</a>
Veffang:	<a href="http://www.kemi.is">www.kemi.is</a>		<a href="http://www.walex.com">www.walex.com</a>
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	Húðætt.1B
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1
H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 2

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki

Viðvörðunoröð

**HÆTTA**

Hættusetningar

H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P301+P310+P331	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni. EKKI framkalla uppköst.
P303+P361+P353	BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P341	EFTIR INNÖNDUN: Ef viðkomandi á erfitt með öndun skal flytja hann í ferskt loft og láta hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P310	Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.
P315	Leitið umsvifalaust lækni.
P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.
P404	Geymist í lokuðu íláti.

2.3 Aðrar hættur:	Innöndun:	Innöndun ryks getur valdið ertingu í öndunarfærum. Innöndun mikils magns getur valdið áhrifum á miðtaugakerfi, þ.á.m. höfuðverk, syfju, svima, draufandi tali, og sjóntruflunum.
	Snerting við húð:	Getur valdið ertingu og ætingu í húð, og ofnæmisviðbrögðum hjá viðkvæmum einstaklingum. Endurtekin snerting getur aukið á þessi áhrif.
	Sjá einnig 11. og 15. lið.	Snerting við augu:

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Yfirborðsvirkt efni			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	8 - 12
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

2-Brómó-2-nítroprópan-1,3-díól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 2
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-143-0	H-setningar	-
CAS	52-51-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - H302 - H312 - H332, Húðert.2 - H315, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335, Bráð eit.á vatn 1 - H400			

Litarefni			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 2
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Ilmeffni			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	5 - 8
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Magnesium sulfat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	20 - 30
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	7487-88-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Önnur innihaldsefni sem nema um 30-40% vörunnar, eru talin framleiðsluleyndarmál og undanskilin upptalningu á þessu öryggisblaði. Mögulegar hættu, sem af þessum efnum getur stafað, er getið á öryggisblaðinu.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almenn viðbrögð:</b>	Flytjið hinn slasaða strax af hinu mengaða svæði. Leitið lækni við vanlíðan.
<b>Innöndun</b>	Tryggið strax ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan. Leitið lækni og/eða veitið öndunaraðstoð sé þess þörf.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni hverfi óþægindi ekki fljótlega. Varan getur valdið ofnæmisviðbrögðum hjá viðkvæmum einstaklingum.

<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með miklu vatni í 15 mín og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið strax lækni.
<b>Inntaka</b>	Skolið munn strax og drekið mikið vatn. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst. Reyndu aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

<b>Innöndun</b>	Innöndun ryks getur valdið ertingu í öndunarvegi. Í miklu magni getur innöndun haft áhrif á miðtaugakerfi, höfuðverk, syfju, sljóleika, sjóntruflunum.
<b>Snerting við húð</b>	Getur valdið ertingu og ætingu í húð. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð hjá viðkvæmum einstaklingum. Endurtekin snerting getur aukið á þessi áhrif.
<b>Snerting við augu</b>	Getur valdið nokkurri eða alvarlegri ertingu, og hugsanlegum augnskaða.
<b>Inntaka</b>	Varan er hættuleg við inntöku. Getur valdið ertingu í meltingarvegi, ógleði, uppköstum og niðurgangi. Getur valdið ertingu eða ætingu í koki, maga og vélinda.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið strax lækni eða bráðamóttöku við inntöku eða meðvitundarleysi. Sýnið öryggisblaðið.

---

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

<b>Hentugur slökkvibúnaður:</b>	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum á brunastað og nærveru annarra efnavara.
<b>Óhentugur slökkvibúnaður:</b>	-

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast eitruðar og ertandi gufur. Blossamark >150°C.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

---

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

#### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Forðist rykmyndun. Notið viðeigandi persónuhlífar og öndunarbúnað, sé loftræsting ófullnægjandi.

#### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

#### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið handverkfæri til að moka upp losuðu efni. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Forðist rykmyndun. Hreinsið mengað svæði vandlega.

#### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

---

## 7. Meðhöndlun og geymsla

#### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Forðist sérstaklega snertingu við votar hendur. Forðist rykmyndun. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Við notkun ætti að halda myndun gufu, úða og ryks í lágmarki.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

#### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

#### Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu sé hætta talin á snertingu við augu.

Viðkvæmir einstaklingar ættu að nota efnaþolna hlífðarhanska við langvarandi notkun.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

#### Húð - annað

#### Öndunarfæri

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Notið öndunarhlífar eða búnað, sé loftræsting ófullnægjandi eða rykmyndun til staðar.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Fast efni-kornað
Lykt:	Illmur
Litur:	Blár
pH:	5-6
Blossamark:	>150°C
Leysanleiki í vatni:	>85%
Eðlismassi:	0,55-0,67 g/cm <sup>3</sup>

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

Innihald rokkgjarnra efna:	20%
----------------------------	-----

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt. Fjölliðast ekki.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Raki.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast eitruðar og ertandi gufur, þar á meðal vetnisbrómíð, magnesíumoxíð, nituroxíð. Brennisteinsoxíð og natríumoxíð myndast við niðurbrot.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

#### Innöndun

Innöndun ryks getur valdið ertingu í öndunarvegi. Í miklu magni getur innöndun haft áhrif á miðtaugakerfi, höfuðverk, syfju, sljóleika, sjóntruflunum.

#### Snerting við húð

Getur valdið ertingu og ætingu í húð. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð hjá viðkvæmum einstaklingum. Endurtekin snerting getur aukið á þessi áhrif.

#### Snerting við augu

Getur valdið nokkurri eða alvarlegri ertingu, og hugsanlegum augnskaða.

## Inntaka

Varan er hættuleg við inntöku. Getur valdið ertingu í meltingarvegi, ógleði, uppköstum og niðurgangi. Getur valdið ertingu eða ætingu í koki, maga og vélinda. Eftirfarandi áætluð eiturhrif eru byggð á upplýsingum um innihaldsefni. (LD<sub>50</sub> (inntaka) = 2041 mg/kg). Getur reynst hættulegt við inntöku.

---

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

---

**12.1 Eiturhrif:** Engar visteiturfræðilegar rannsóknir hafa farið fram á vörunni. Sum innihaldsefna eru hættuleg lífi í vatni í háum styrk. Varan er talin brotna niður í lífverum samkvæmt forskriftum OECD.

---

## 13. Förgun

---

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata eða brenna tæmdar umbúðir.

---

## 14. Upplýsingar um flutninga

---

**ADR:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

**IMDG:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

**IATA:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

**15.2 Efnaöryggismat:** Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfarum
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

**Útgáfa/Dags:** 1 / 17.05.2021

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

*Frumheimild:*

**WALEX PRODUCTS COMPANY INC**  
**GHS SAFETY DATA SHEET**  
**PORTA-PAK RV EXPRESS**

Útgáfa: 22.02.2019 Útgáfa 02